

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1946.

Skógurinn: Sala skógarafurða hefur verið mjög lítil. Veldur Veldur þar um, að bændur kaupa nú kol til eldsneytis, og girðingarstaurar, bæði járn og tréstaurar eru komnir á markaðinn. Er ógerlegt fyrir skógræktina að keðða við verð það sem er á kolum og staurum. Er það eitt dami um ðarfidleika íslenskrar framleiðslu á þessum seinustu og verstu tímum.

Selt var: Efniviður 580 stk. 350 kg.

Eldiviður 12.000 -

Sent Skógrækt ríkisins 8.000 -

Alls: 580 girðingarstaurar.

350 kg. Smíðaeftni.

12.000 - Eldiviður.

8.000 - Reykingarviður.

Skogarmaðkurinn gerði enn vart við sig. Í fyrra var hlé, en nú í sumar leið gerði hann talsverða truflun á vextinum, einkum fræmyndunum. Þegar kom fram í júlí, fór maðkurinn að rena, og illa leikin tré töku að rétta við. Skógurinn náði þó aldrei fullri blaðstærð, bæði vegna maðksins, en þó einkum af völdum hinna dæmafáu purrka fyrri hluta sumars. Um þetta atriði er nánar greint síðar.

Af greindum astæðum varð árvöxtur fremur lítill. Vænta mátti hins gagnstæða eftir hið góða hlúja sumar 1945,

Lengstu árssprotar urðu 45 cm.

Skógurinn varð grænn 26 maí.

Fraðvöxtur: Skógurinn bar lítið fræ. Um sennilegar orsakir er áður greint, svo sem maðkinn. Burrkatímabilið í fyrravetur og vor mætti ætla, að dregið hafi úr fræmyndun. Annars er skógurinn brygður eftir hin mörgu sumur með maðkaófögnuði, ásamt slæmu tíðarfari 1942-44.

Grenitegundir, blágreni og rauðgreni báru nú í fyrsta skipti fræ að mun. Eftir á að koma í ljós, hvernig það reynist. A *Pinus aristata* voru fáeinir könglar.

Reyniviður bar talsvert fræ. Safnað var ca. 5 kg af birkifræi og 25 kg. af reynifræi. Könglum af barrtrjánnum var safnað og þeir sendir skógræktarstjóra.

Girðingin þurfti nokkurra endurbóta og viðgerðar á vísir, sem slitnað hafði. En annars voru bilanir fremur litlar. Þátt var allmögum birkistaurum í girðinguna.

Vedurfar og veðurathuganir: Árið 1946 var milt og purrt. Aðeins í einum mánuði, febrúar, var meðalhiti undir frostmarki. Sumarmánuðirnir voru í meðallagi, hlír. Október var hífyr, eða  $0.4^{\circ}\text{C}$ . heitari en september. Mun það fátitt hér á landi. Úrkoma var lítil á þessu ári og þó einkum í marz, apríl og maí. Jörð var því sem að hausti eftir purrkasumar. Var þetta slæmt fyrir trjágróður og plöntuuppeldi. Lauf á skóginum náði aldrei fullri stærð, eða venjulegri á sumrinu, má þar um kenna purrkunum.

Veðurathuganir á árinu sýna:

	Meðalgiti $^{\circ}\text{C}$ .	Úrkoma m.m.
Janúar	2.0 $^{\circ}\text{C}$ .	100.2 m.m.
Febrúar	± 2.0 -	36.0 - -
Marz	0.6 -	13.6 - -
April	2.7 -	23.0 - -
Maí	7.9 -	4.9 - -
Júní	7.5 -	26.5 - -
Júlí	11.7 -	26.7 - -
Ágúst	9.2 -	22.8 - -
September	6.6 -	78.9 - -
Október	7.5 -	37.7 - -
Nóvember	0.3 -	55.2 - -
Desember	1.4 -	140.0 - -
Alla:	54.7 -	555.3 - -
Meðaltal	4.6 -	46.3 - -

Mestur hiti mældist 17 júní  $27.0^{\circ}\text{C}$ .

Minnstur hiti 24 febr. ±  $12.8^{\circ}\text{C}$ .

Síðasta frost mælt að vorinu var 8. júní.

Fyrsta - - - haustinu 24 sept.

Dagar með  $20^{\circ}$  hita og þar yfir voru aðeins 4 á sumrinu í júlim.

Meðalhiti sumars, júní-sept. var  $9.0^{\circ}\text{C}$ .

Tölur þessar bera með sér, miðað við undanfarin 9 ár, að sumarið hefir verið í meðallagi hlýtt, en veturinn sérlega mildur. Meðalhiti sumarmánuðina á 10 árum 1937-1946 er um  $9.6^{\circ}\text{C}$ .

Græðireiturinn: Sáð var eftirfarandi fræmagni og trjátegundum.

1. a. Birkifræ frá Hallormsstað 12 kg.
  - b. - - - Suðurlandi 12 - = 24 kg.
  - c. Reynifræ frá Hrafnkellsst og Bessast. 27 -  
Svo úr Mörkinná á Hallormsstað.
  2. Sitkagreni frá Kenagskaga 7 kg.
  3. Hvítgreni - Sama. 0.2 - = 7.2 kg.
- Dreifplantað var eftirfarandi tölu og tegundum.

Björk 50.000 plöntum.

Reynir 4.000 - - -

Ribs 1.500 - - -

Þíngvíðir 7.200 stíklíngum.

Gulvíðir 6.000 - - -

Hegg 400 - - -

Alls: 69.400 stk.

Auk þess settir stiklingar af ribs 6000 stk.

- - - - - - - - - lerki 200 -

Samtals: 6.200 stk.

Söluplöntur úr græðireitnum voru sem hér segir:

1. Plöntur seldar á staðnum	björk.	1.950 stk.
- - - - - - - - -	reynir	914 -
- - - - - - - - -	ribs	324 -
- - - - - - - - -	þíngvíðir	209 -
- - - - - - - - -	gulvíðir	248 -
- - - - - - - - -	greni	73 - 3.815.
2. Plöntur senda Skógrækt ríkisins	björk	27.000 -
- - - - - - - - -	reynir	1.700 -
- - - - - - - - -	ribs	1.200 -
- - - - - - - - -	þíngvíðir	1.400 -
- - - - - - - - -	gulvíðir	2.000 - = 33.300

Alls: 37.115 stk.

Verð plantna, er seldar voru gér á staðnum var eftir stærð var þetta: Birki kr. 1.75-2.25, reynir kr. 3.00, ribs kr. 4.00. þingv. kr 3.00 og gulv. kr 1.00.

Vöxtur í græðireitnum: Birkifræði kom illa upp og plönturnar döfnuðu sämilega vel, sitkagrenið spíraði fremur vel og plönturnar náðu sämilegris stærð. Reynir spíraði fremur illa, en það sem kom upp, dafnaði vel.

í dreifplöntubedunum var allgðó framför á björk og reynir, sama er að segja um þingvíðir sem varð 65 cm. hæstu plöntur. Rébs kom einnig vel til.

Sitkagrenið 5 ára í dreifplöntubedunum óx vel, og eru hæstu einstaklingar 30 cm.

Söluhæfar plöntur (á vori komanda) náðu allgóðri stærð, svo sem birki 120 cm. Þær hæstu. Þingv. svo sem fyrr segir 65 cm. hæð.

Allar söluplöntur af birki voru teknar upp og frá þeim gengið í haust, svo og 2 ára birki, úr fræbeðunum, sem geymist í birgi. 3ja ára birki er varið með hrís og neti fyrir rjúpum.

Áburður: Tilbúinn áburður var sem hér segir:

Köfnunarefnisáb.	Kalí.	Fosfórsýra.
Frá 1945	1 pokí.	
á árinu	16 pokar.	12 - -
Alls:	16 pokar.	13 pokar.
		7 pokar.
		7 pokar.

Bessu áburðarmagni varið þannig:

Köfnunarefnis.	Kalí.	Fosfórsýra.
Borð í reitinn	11 pokar.	11 pokar.
Látíð í skiptum.	5 - -	-- - -
Geymt til n.á.		2 - -
Alls:	16 - -	13 - -
		7 - -

Búpeningsáburður var notaður sem hér greinir:

Frá Hallormsstað 67 vagnhlöss.

-- Strönd 20 - - - -

-- Víkingsst. 10 - - - -

Alls: 97 vagnhlöss.

Sandur fluttur í reitinn ca. 25 tonn.

Rofamold - - - - - - - 12 - - -

Ársvöxtur barrtrjáa: Stækken grædireitsins: Greni og furu-plöntur 8-9 ára urðu 8-20 cm. Undantekning 25-30 cm. Ein undantekning 40 cm. Lengdartölur árssprotana gilda jafnt: Blágreni, hvítgreni, skógarfura og vontortafura (*Pinus contorta*). Lerki plantad 1937-39 (ísl) óx 30-70 cm.

Ársvöxtur á eldri barrtrjám:

Rauðgreni allt 70 cm.

Lerki frá 30-60 á -

Blágreni allt ab 65 -

Skógarfuran gamla þjáist af skjaldlús, og er nú veiklulegt. Þó halda flestirén grænum toppi og hlíðargreinum. Einstaka tré er

Skálabygging í Mörkinni: Reistur var skáli frá setuliðinu fyrir íbúð handa verkaþólkiniu er kom að vorinu. Skálinn rúmar svefn-herbergi fyrir 6-8- manns, svo og eldhús og dálitla geymslu. Gólf er steiðt og dúkur lagður á gólfis í svefnþálanum. Hann er tex-klæddur innan, en þak og hliðar úr bognu járni. Var máladur með rauðri þak-eða járnmalningu.

Ferðalög: Í marz fór ég til Reykjavíkur og mætti á skrifstofu skógræktarstjóra ásamt hinum skógarvörðunum á landinu, til viðræðna við skógræktarstjórann. Í ágúst, september og október fór ég um 6 hreppa á Fljótsdalshéraði, og gerði athugarsemdir á skóglendi þessara sveita. Hef að því loknu, á grundvelli þessara athugana, samið lýsingu á kjarri og skógum á þessu svæði. Lýsinguna sendi ég skó-räktasstjóra.

Hreppar þeir, er ég fór um eru: Fljótsdals-Fella-Tungu-Hlíðar-Hjaltastaðar og Skriðdalshreppur. Eftir er á héraðinu að semja lýsingu á Eiða- og Vallahreppi, að því er merkir skóglendið er þar sennilega víblast og er tiltölulega strívaxinn skógargróður í þem hreppum.

Hallormsstað 16/13 1946,  
Guttermur Pálsson.